


„Þá stóð enn kirkja sú að Esjubergi er Örlygur hafði látið gera.“



Hér í landi Esjubergs verður reist úttalari sem minnismerkis um merkan kristinn sögustað. Sagnir herma að fyrsta kirkja á Íslandi fyrir kristnitöku hafi verið reist á Esjubergi á Kjalarnesi. Mun það hafa verið um árið 900. Ekki er vitað hvar í landi Esjubergs kirkjan stóð. Næsta líklegt er að skriðuföll í Esju hafi spilt vegsummerkjum eftir hana en þau breyttu ásýnd jarðarinnar og huldu flestar minjar á Esjubergi sem þar höfðu staðið um aldir og m.a. svonefnd kirkjurúst.

Fornleifarannsókn fór fram árið 1981 á þeim stað á Esjubergi þar sem menn töldu að kirkja hefði staðið og kirkjugarður. Ekkert fannst sem gat staðfest að kirkja hefði staðið á þeim stað.

Í Landnámu (Sturlubók) segir að Örlygur Hrappson hafi fengið frá Patreki Suðureyjarbiskupi „kirkjuvið ok járnklukku ok plenárium ok mold vígða“ til að nota í kirkju sem reisa skyldi þar hann næmi land og eigna hinum helga Kolumba. Örlygur reisti kirkju á Esjubergi.

Í kirknaskrá Páls Jónssonar, biskups, frá 1200, er getið kirkju á Esjubergi: „Kirkja at Esjubergi.“

Þá er og getið um kirkju á Esjubergi í Kjalnesingasögu frá 14. öld. „Þá stóð enn kirkja sú að Esjubergi er Örlygur hafði látið gera. Gaf þá engi maður gaum að henni.“

Þrátt fyrir að ápreifanleg ummerki um kirkju Esjubergi hafi ekki enn fundist á Esjubergi hafa Kjalnesingar hin síðari ár haft um hönd helgihald á staðnum í júnímánuði ár hvert.

Tilgangurinn með uppsetningu úttaltaris og minnismerkis í landi Esjubergs er að vekja verðskuldaða athygli á merkum kristnum sögustað. Úttalarið verður notað við kristið helgihald og ýmsar athafnir eins og brúðkaup og skírnir.

Fyrsta skóflustunga var tekin að altarinu 8. maí 2016 af biskupi Íslands, prófasti Kjalarnessprófastsdæmis, formanni Sögufélagsins Steina, formanni sóknarnefndar Brautarholtssóknar og einu fermingarbarni vorsins 2016.

Altarið sjálft verður sótt í Esjubergsnámur og upp úr því mun standa um tveggja metra hár keltneskur kross.

Sögufélagið Steini á Kjalarnesi hefur haft forystu í máli þessu í samvinnu við ýmsa aðila. <http://kjalarnes.is/saga>

Þetta söguskilti er sett upp hér til bráðabirgða en veglegra skilti verður síðar komið fyrir

Here in Esjuberg estate, outdoor altar will be built as a monument of the significant Christian history. Landnáma- and Kjalnesinga Sagas say that the first church in Iceland for Christianity has been built on Esjuberg, Kjalarnes about the year 900. It is not known where exactly in Esjuberg the Church stood and no remains have yet been found. Most likely landslides from Esja has spoiled traces of it.